

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 16. nóvember 2005 um kvikmyndaarf og samkeppnishæfni tengdrar atvinnustarfsemi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 4. lið (ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, 1999/C 30/01) X. viðauka við samninginn:

„5. **32005 H 0865**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2005/865/EB frá 16. nóvember 2005 um kvikmyndaarf og samkeppnishæfni tengdrar atvinnustarfsemi (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 57).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2005/865/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 60, og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 57.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.